

Fundur í aðalstjórn starfsárið 2023-2024

14 fundir voru haldnir í stjórn félagsins á starfsárinu þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir. Hér á eftir má sjá smá yfirlit yfir það helsta sem tekið var fyrir á fundunum.

Vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins og því veit stjórnin ávallt hvernig staðan er miðað við fjárhagsáætlun ársins.

Á fyrsta fundi stjórnar, sem haldinn var 15. maí á Akureyri fór fram kosning vararitari stjórnar, fjallað var um hvernig aðalfundur félagsins hefði tekist. Lögð var fram skýrsla um endurskoðun Enor á reikningum Einingar-löju fyrir árið 2022. Lagt var fram yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur félagsmanna eftir deildum á árinu 2022 og samanburður við árið 2021. Einnig var lagt fram yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur til félagsins eftir sveitarfélögum og fjölda fyrirtækja og félagsmanna á stöðunum á árinu 2022 og samanburður við árið 2021. Samþykkt var fjárveiting til ferðanefndar félagsins fyrir árið 2024. Farið var yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Rætt var um sumarafleysingar og starfs-mannamál. Farið var yfir stöðuna gagnvart Niceair. Farið var yfir ársfund Stapa sem fram fór í byrjun maí. Farið yfir stöðuna á umsóknum fyrir orlofskosti sumarsins. Farið var yfir niðurstöður könnunar sem Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins framkvæmdi í þriðja sinn meðal launafólks innan aðildarféлага ASÍ og BSRB. Sagt frá aðalfundi Orlofs-byggðarinnar á Illugastöðum sem fram fór í apríl. Farið var yfir framhaldsþing ASÍ. Sagt var frá aðalfundi Sparisjóðs Höfðhverfinga. Rætt var um málefni SGS. Pálmi Þorgeir Jóhannsson var að sitja sinn fyrsta fund í stjórn eftir að hann var kjörin meðstjórnandi.

Á rafrænum fundi 23. maí var aftur rætt um stöðuna gagnvart Niceair. Lögð var fram og rædd hugmynd um fræðsluferð til Póllands.

Á fundi 12. júní sem fram fór bæði á Akureyri og rafrænt í gegnum Teams fór Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, yfir nýja skýrsla Vörðu um lífsskilyrði launafólks þar sem sérstaklega voru teknir út niðurstöður fyrir félagssvæði Einingar-löju. Sagt var frá aðalfundum Orlofsbyggðanna í Flóka-lundi, í Svignaskarði og á Einarstöðum. Aftur var rætt um stöðuna gagnvart Niceair. Aftur var farið yfir stöðuna á umsóknum fyrir orlofskosti sumarsins. Sagt var frá útvíkk-uðum formannafundi SGS, fjallað var um næsta þing SGS og frá fyrirhugaðri fræðslu SGS fyrir starfsmenn stéttarféлага. Sagt var frá því að óskað hefði verið eftir varamanni í stjórn lögnaðarsafnsins fyrir hönd félagsins og samþykkti stjórn að Tryggvi varaformaður taki það sæti. Lagðar voru fram fundargerðir stjórna Matvæla- og þjónustudeildar og Opinberu deildarinnar og fóru formenn eða varaformenn deildanna yfir helstu mál sem þar voru rædd. Rætt var um stöðu framkvæmda í Tjarnargerði. Fjallað var um stöðu kjaramála. Baldvin Hreinn Eiðsson var að sitja sinn fyrsta fund í stjórn eftir að hann var skipaður sitjandi varaformaður Matvæla- og þjónustudeildar.

Á fundi 29. ágúst sem fram fór bæði í Fjallabyggð og rafrænt í gegnum Teams var sagt frá því að nýr kjarasamningur við ríkið hefði verið samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta einnig var fjallað um aðrar samningaviðræður sem voru í gangi. Rætt var um fyrirhugað þing SGS. Sagt var frá því að stjórn Alþýðusambands Norðurlands hefði boðað til fulltrúaráðs-fundar og var samþykkt hverjir yrðu þar fulltrúar félagsins. Sagt var frá

næsta trúnaðarráðsfundi og dagskrá hans. Tekið var fyrir og samþykkt erindi frá stjórn Orlofsbyggðarinnar Illugastaðir. Enn og aftur var rætt um málefni Niceair. Sagt var frá fyrirhuguðu þingi ASÍ-UNG og samþykkt að senda tvo fulltrúa á þingið. Umræða fór fram um lög félagsins og reglugerðir og var samþykkt að skipa starfshóp til að fara yfir og koma með ef þarf breytingar á lögum félagsins og reglugerðum fyrir næsta aðalfund Einingar-löju. Stjórnin samþykkti einnig að skipa starfshóp til að skoða reglugerð sjúkrasjóðs með tilliti viðmiðunarreglugerð ASÍ. Lagðir voru fram niðurstöður tveggja dóma frá Héraðsdómi Norðurlands eystra sem félagið höfðaði fyrir tvo félagsmenn. Sagt var frá því að í september verði haldnir fræðsludagar starfsfólks innan SGS og útvíkkaður formannafundur SGS á Hótel Keflavík. Lagðar voru fram fundargerðir stjórna lðnaðar- og tækjadeildar, Matvæla- og þjónustudeildar og Opinberu deildarinnar og fóru formenn eða varaformenn deildanna yfir helstu mál sem þar voru rædd. Sagt var frá kvennaráðstefnu ASÍ sem haldin verður í lok september 2023 undir yfirskriftinni: Leiðréttum skakkt verðmætamat kvennastarfa! Sagt var frá því að hafinn væri undirbúningur að Gallup könnun félagsins. Samþykkt var að hafa tveggja daga vinnufund aðalstjórnar félagsins og fá utanaðkomandi ráðgjafa til að stýra fundinum. Starfsmaður stjórnar og starfsmenn deilda munu jafnframt sitja fundinn.

Á fundi 11. október sem fram fór bæði á Akureyri og rafrænt í gegnum Teams var sagt frá því að búið var að samþykkja nýjan samning við sveitarfélögin. Einnig var fjallað um aðrar samningaviðræður sem voru í gangi. Rætt var um áframhaldandi samstarf þeirra félaga sem standa saman að vinnustaða-

eftirlitinu og samþykkti stjórnin samhljóða að halda áfram með verkefnið. Sagt var frá því að búið væri að afhenda félaginu nýtt hús félagsins í Húsafelli. Sagt var frá fulltrúaráðsfundi AN sem fram fór á Illugastöðum. Farið var yfir útvíkkaðan formannafund SGS sem fram fór í Reykjanesbæ. Einnig var sagt aðeins frá fræðsludögum fyrir starfsfólk aðildarféлага sambandsins sem fór fram á sama stað. Farið var aðeins yfir 9. þing ASÍ-UNG sem fram fór í Reykjavík í september, en félagið sendi tvo fulltrúa á þingið. Sagt var frá því að vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að hætta við áætlaðan starfsdag félagsins sem fram átti að fara í Hofi í október. Einnig var sagt frá því að félagið hefði þurft að aflýsa síðustu tveimur trúnaðarmannanámskeiðum sem til stóð að halda í haust vegna þátttökuleysis. Búið var að kalla til alla trúnaðarmenn félagsins á fund, í nokkrum hópum, og fara aðeins yfir stöðuna. Nokkur umræða varð um þetta almenna áhugaleysi félagsmanna. Stjórnin samþykkti að setja upp snjallása í allar íbúðir félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Sagt var aðeins frá kvennaráðstefnu ASÍ sem haldin var í lok september á Hótel Örk í Hveragerði. Tekin var fyrir og hafnað styrkumsókn frá Sögufélaginu vegna útgáfu bókarinnar Nú blakta rauðir fánar. Aftur var rætt um fyrirhugaða vinnudaga stjórnarinnar. Anna sagði frá og hvatti stjórnarkonur til að taka þátt í fyrirhuguðu kvennaverkfalli. Rætt var um dagskrá fyrirhugaðs þing SGS og málefnanefndir sem verða á þinginu. Sagt var frá því að búið væri að senda út kannanir til að kanna meðal félagsmanna, sem voru í íbúð eða í orlofshúsi í sumar, upplifun þeirra á viðkomandi stað.

Vinnufundur stjórnar fór fram 16. og 17. nóvember í Sveinbjarnagerði. Kristinn Hjálmarsson, frá ráðgjafarfyrtækinu Nótera

Consulting, var fenginn til að skipuleggja og stjórna vinnufundinum. Með hönnun þessarar vinnustofu var kominn vettvangur fyrir stjórnendur og stjórn Einingar-löju til að horfa til framtíðar og velta upp ólíkum sviðsmyndum og þeirri mynd sem félagið getur tekið á sig á næstu árum með hliðsjón af þróun samfélags, tilgangi og umfangi starfseminnar. Markmið vinnufundarins var að þátttakendur takist á við að skilgreina mögulega framtíðarsýn á stöðu Einingar-löju, eftir ákveðið tímabil. Tímabilið sem um ræðir getur t.d. verið 1 til 10 ár. Unnið var í litlum hópum á vinnuborðum, þar sem einstaklingar lögðu fram tillögur við borðið, ræddu við félagana við borðið sem saman skiluðu fundarstjóra svörum frá borðinu. Fyrirfram var reiknað með því að þátttakendur takist hressilega á við framtíðarsýnina og skili skýrum hugmyndum til stjórnar og stjórnenda félagsins, ásamt því að skila mikilvægu framlagi við mótun stefnu þess til næstu ára og verkefnum sem þarf að vinna til að komast á réttan stað. Réttur staður er skilgreindur í framtíðarsýninni, sem er fyrsti liður vinnunnar. Skilagögn þessa liðar er framtíðarsýn félagsins. Í öðru lagi var unnið að greiningu þeirra þátta sem verða mikilvægastir til að vinna að þeirri framtíðarsýn. Til þess var unnið í hugarflugi, mati á mikilvægi, mati á frammistöðu og sett fram forgangsroðun. Skilagögn þessa liðar er forgangsraðaður listi yfir mikilvægustu stefnumálin sem eiga að taka mið af framtíðarsýninni. Í þriðja lagi var unnið að því að fylgja eftir stefnunni og sjá til þess að hún sé í virkri framkvæmd. Það er gert með því að forgangsraða viðfangsefnum og skilgreina síðan verkefni til að vinna farsælega að þeim. Í vinnu við skilgreiningu verkefna er unnið nánar að útfærslu markmiða, tilgangs og hagaðila hvers verkefnis.

Á fundi 17. nóvember sem haldinn var í Sveinbjarnagerði var rætt um stöðu samningamála. Farið var yfir stöðu innheimtumála hjá félaginu. Farið var aðeins yfir hvernig til tókst og hvað kom út úr 16 fundum með trúnaðarmönnum félagsins sem fóru fram í október og nóvember. Farið var yfir hvernig til tókst á 9. þingi SGS. Samþykkt var beiðni um fjárstyrk frá Velferðarsjóði Eyjafjarðarsvæðis vegna jólaaðstoðar 2023. Stjórnin samþykkti að veita styrk að upphæð kr. 1.200.000. Lagðar voru fram niðurstöður kannana sem gerðar voru á meðal félagsmanna sem leigðu orlofshús eða íbúðir hjá félaginu um sumarið. Lögð var fram og samþykkt tillaga að uppstillinganefnd félagsins fyrir starfsárið 2024-2025. Lagt var fram og samþykkt plan um fundi í svæðisráðum, aðalfundi deilda og aðalfund félagsins. Fjallað var um leiguverð orlofshúsa og niðurgreiðslur og ákvörðun tekin um leiguverð og niðurgreiðslur sumarsins. Sagt var frá fyrirhuguðum rafrænum fulltrúaráðsfundi Stapa lífeyrissjóði. Lagt var fram bréf frá stjórn Orlofsbyggðarinnar Illugastaða. Sagt var frá því að félagið hafi boðið fram nýtt hús í Húsafelli til Rauða krossins fyrir Grindvíkinga sem hafa þurft að flýja heimili sín.

Á rafrænum fundi 23. nóvember var tekið fyrir erindi frá FSRE (Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir) vegna íbúðavanda Grindvíkinga. Einnig var rætt um málefni fræðslusjóðanna.

Á fundi 18. desember sem fram fór bæði á Akureyri og rafrænt í gegnum Teams kynnti Tómas Bjarnason, ráðgjafi hjá Gallup, niðurstöður kjarakönnunar sem gerð var fyrir félagið. Farið var yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Aftur var rætt um erindi frá FSRE (Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir) vegna íbúðavanda Grindvíkinga. Sagt var frá því að stafrænar læsingar væru komnar í

notkun á svo til öllum íbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu. Sagt var frá því að búið væri að gera nýjan samning við Sólar ehf. og frá breytingu varðandi leigu á sjúkraíbúðum. Rætt var um útgáfumál félagsins þar sem 1. janúar 2024 mun Pósturinn hætta alfarið að dreifa fjölpósti. Tekið var fyrir erindi frá VerkVest. Rætt var um málefni lðnaðarsafnsins. Sagt var frá að niðurstöður af vinnufundi stjórnar væru væntanlegar. Rætt var um endurskoðað starfsmat.

Á fundi 15. janúar sem fram fór bæði á Akureyri og rafrænt í gegnum Teams var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Rætt var um breytingar varðandi VIRK fulltrúana. Lögð var fram skýrsla af vinnufundi stjórnar. Rætt var aftur um málefni lðnaðarsafnsins. Lagðar voru fram fundargerðir stjórnar Matvæla- og þjónustudeildar og lðnaðar- og tækjadeildar og fóru formenn eða varaformenn deildanna yfir helstu mál sem þar voru rædd. Skipað var í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Einnig var skipað í nefnd til að fara yfir reglugerð sjúkrasjóðsins. Rætt var um trúnaðarmannakerfið og námskeið fyrir trúnaðarmenn. Rætt var um lagfæringar á húsi 26 á Illugastöðum og aðrar framkvæmdir á svæðinu. Rætt var um starfsmannamál. Rætt var um fyrirhugaða svæðisráðsfundi og aðalfundi deilda og dagskrá næsta trúnaðar-ráðsfundar var kynnt.

Á rafrænum fundi 5. febrúar var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Rætt var um upplýsingatæknimál félagsins. Rætt var um starfsmannamál.

Á fundi 19. febrúar sem fram fór bæði á Akureyri og rafrænt í gegnum Teams var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Lögð var fram og samþykkt rekstraráætlun fyrir árið 2024. Farið var yfir hvernig til tókst

með aðalfundi svæðisráða og aðalfundi deilda. Aftur var rætt um upplýsingatæknimál félagsins. Fjallað var um greiðslur úr Félagsmannasjóði. Samþykkt var að bjóða áfram eldri félagsmönnum í leikhús. Rætt var um og samþykkt að leggja fram lagabreytingar á næsta aðalfundi. Aftur var tekin fyrir og hafnað á ný styrkumsókn frá Sögufélaginu vegna útgáfu bókarinnar Nú blakta rauðir fánar. Sagt var frá því að orlofsblaðið félagsins yrði einungis rafrænt þetta árið. Sagt var frá samkomulagi við Akureyrarbæ vegna lðnaðarsafnsins. Halldóra María Þormóðsdóttir var að sitja sinn fyrsta fund í stjórn eftir að hún var kjörin Svæðisfulltrúi Fjallabyggðar.

Á fundi 18. mars sem fram fór bæði á Akureyri og rafrænt í gegnum Teams var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Kynnt var niðurstaða nefndar um endurskoðun á reglugerð sjúkrasjóðs fyrir aðalfund félagsins. Lagðar voru fram tillögur um breytingar á nokkrum reglugerðum félagsins og samþykkt að leggja þær fram til samþykktar á næsta aðalfundi félagsins. Farið var yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 16. apríl. Aftur var rætt um upplýsingatæknimál félagsins. Sagt var frá að aftur var greitt úr Félagsmannasjóði. Tekin var fyrir og samþykkt styrkbeiðni frá Karlakór Akureyrar-Geysi.

Á lokafund stjórnar þetta starfsárið, þann 8. apríl sl., sem fram fór bæði á Akureyri og rafrænt í gegnum Teams mætti Hermann Brynjarsson frá endur-skoðunarfyrtækinu ENOR og kynnti reikninga félagsins fyrir síðasta ár. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá. Farið var yfir stöðuna á umsóknum fyrir orlofskosti sumarsins. Lagt var fram bréf frá Stapa þar sem tilkynnt var að ársfundur sjóðsins verði 2. maí í Hofi á Akureyri.